

FÉLAG KENNARA Á EFTIRLAUNUM

AUSTURLAND
Austfirðir
20.-22. júní 2026



Hótel Hallormsstaður er staðsett í samnefndum skógi og stendur við Lagarfljót. Hótelið býður upp á 92 glæsileg herbergi með stórkostlegu útsýni.

Á Hótel Hallormsstað er frábær veitingastaður þar sem við njótum þess að borða af fjölbreyttu hlaðborði. Hótelið býður einnig upp á SPA með innfrarauðri sauna, heitum potti bæði úti og inni. Dásamlegt hótel í skóginum. www.foresthotel.is



Laugardagurinn 20. júní 2026

Mæting á Reykjavíkurlugvöll kl. 07:45 að morgni. Flogið frá Reykjavík kl. 08:30, landing á Egilsstöðum kl. 09:30.



Ekið til Borgarfjarðar þar sem Hafnarhólmi er heimsóttur. Þar er búið að koma upp skemmtilegu aðgengi til að heimsækja lundann og líklega einn besti staður til þess á landinu. Skoðum Álfaborgina og heimsækjum kirkjuna. Við borðum hádegissúpu í Álfakaffi. Borgarfjörður er rómaður fyrir náttúrufegurð og við tökum okkur tíma í að njóta.

Við kveðjum Borgarfjörð og keyrum sem leið liggur um Tunguna svokölluðu í Stuðlagil, Grundarmegin. Það er einn mest heimsótti ferðamannastaður Austurlands. Við Grund er búið að útbúa mjög fína stíga og útsýnispalla svo allir geti notið gilsins án þess að þurfa að ganga mikið. Einnig er þar kaffisala og lítil minjagripabúð með handverki úr héraði.


Kvöldverður á hóteli.

Tékkað inn á hótél á Hallormsstað ca. kl. 17:00

Boðið upp á hlaðborð á hótelinu um kvöldið.



Sunnudagurinn 21. júní 2026



Eftir að hafa borðað morgunverð er ekið yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar sem er vinsæll ferðamannastaður og iðar af lífi og menningu. Þar er gaman að ganga um, taka myndir og kíkja í verslanir. Frjáls tími og hádegissúpa. Eftir það, er ekið í Mjóafjörð. Aksturinn til og frá Mjóafirði er afar stórbrotinn, fögur en krefjandi leið og fossarnir leika við hvern sinn fingur, ekki síst Klifbrekkufossar sem eru vinsælt augnakonfekt. Á Sólbrekku er hægt að kaupa sér kaffisopa og njóta Brekkuporps.

Á leiðinni til baka á hótelið í skóginum tökum við stutt ferðamannastopp á Egilsstöðum.

Hlaðborð á hóteli um kvöldið.

Mánudagurinn 22. júní 2026



Ekið um Velli og Skriðdal yfir Breiðdalsheiði til Breiðdalsvíkur. Lítil sætur bær sem gaman er að heimsækja. Ekið til Stöðvarfjarðar þar sem Steinasafn Petru er heimsótt. Hádegisverður borðaður á Fáskrúðsfirði á Fosshótel. Franska safnið skoðað.

Við keyrum til Neskaupstaðar í gegnum Reyðarfjörð og tökum myndastopp í Hólmanesi, friðlandi og fólkvangi. Í Neskaupstað skoðum við þau mikilfengleg mannvirki sem snjóflóðavarnargarðarnir eru.

Snemmbúinn kvöldverður borðaður á Randulffssjóhúsi, fallegu uppgerðu sjóhúsi byggðu af Peter Randulff, áður en haldið er til Egilsstaða í flug.

Mæting á flugvöll kl. 19:00, flogið frá Egilsstöðum kl. 19:45. Lent í Reykjavík kl. 20:50





**VERÐ*: 207.300 kr. á mann í tveggja manna herbergi.
Aukagjald fyrir einbýli kr. 21.800,-**

Þeir sem ekki ferðast með ferðafélaga, þurfa að greiða fyrir eins manns herbergi.
Ath. takmarkaður fjöldi til af eins manns herbergjum.

Innifalið í verði:

- Flug, Reykjavík-Egilsstaðir-Reykjavík.
- 3 daga ferð skv. lýsingu með leiðsögn.
- Gisting á Hótel Hallormsstað í tvær nætur með morgunverði.
- 2x hlaðborð á hóteli.
- 1x 2ja rétta kvöldverður í Randulffssjóhúsi
- 3x hádegisverðir
- Aðgangseyrir í Steinasafn Petru og Franska safnið.

Ekki innifalið í verði:

- Aðgangseyrir í SPA á Hótel Hallormsstað.
- Drykkir og annað tilfallandi.